

Ed.

## 6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breyting á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

### 1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Við B. 87 bætist með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
- b. Á eftir B. 88 komi nýr liður:  
*Grunnavíkurvegur*: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
- c. Á eftir B. 89 komi nýr liður:  
*Laugardalsvegur*: Af Ögurvegi hjá Laugardalsárbrú fram Laugardal að Efstadal.
- d. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
  1. *Reiðhjallavegur*: Af Bolungavíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjalla-virkjun.
  2. *Skálavíkurvegur*: Frá Bolungavík um Skálavík ytri.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu frv. var flutt á tveimur síðustu þingum, en náði þá eigi afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Með frv. þessu er lagt til, að nokkrir vegir í Norður-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Brestur enn þá mikið á, að sveitir héraðsins séu komnar í vegasamband. Veldur það bændum og markaðssvæði þeirra í sjávarþorpunum og Ísafjarðar-kaupstað miklu óhagræði. Greiðar samgöngur eru hyrningarsteinn atvinnulífsins, ekki sízt í sveitunum.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefnda í ýmsum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nánar í framsögu.